

Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Álafoss.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Álafoss voru lögð fram til kynningar þann 26. júní 2020 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu Umhverfisstofnunar og heimasíðu Mosfellsbæjar sem og Facebook síðu Mosfellsbæjar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 12. ágúst 2020. Erindi voru send til samráðsaðila þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Alls bárust erindi frá 5 aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á drögum að stjórnunar- og verndaráætlunar í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi áætlunarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.

Verndun fossins

Athugasemd barst frá íbúum við Álafoss þar sem talað er um að ekki sé tekið á öllum þeim mengunarsvæðum sem þörf er á ásamt því að steypustyrktarjárn og aðrir aðskotahlutir séu að finnast ofan í hylnum við fossinn og í leysingum þá færast til steypuhlutar af árbökkum í hylinn.

Svör Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun mun hafa samband og hvetja Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis til að kanna mengunina sem á það til að koma upp og renna í gegnum svæðið og skoða þau fyrirtæki sem eru með starfsleyfi frá þeim sem gætu verið að valda mengun. Umhverfisstofnun er ekki viðbragðsaðili þegar kemur að megun á landi en vill hinsvegar fá tilkynningu þegar um er að ræða mengun á friðlýstu svæði. Skv. lögum á að tilkynna bráðamengun á landi til viðkomandi slökkviliðs ásamt viðkomandi heilbrigðiseftirliti sem kemur að hreinsun vegna mengunar. Hvað varðar aðskotahluti á svæðinu mun Umhverfisstofnun meta til hvaða aðgerða er kostur á að grípa til, en þær yrðu hluti af umsjón svæðisins og ekki þörf á að setja inn sérstaka aðgerð í stjórnunar- og verndaráætlun þess efnis.

Verndun nágreinnis við fossinn

Athugasemd barst frá íbúum Álafoss þess efnis að á svæðinu þrífist fjölbreytt flóra gróðurtegunda sem og trjágróður. Ef það standi til að hefta lúpínu og kerfil líkt og hefur verið gert öðrum stöðum í bæjarfélaginu þá mun þessi einstaka vistgerð innan Álafoss verða fyrir skaða. Sláttur á lúpínu og kerfli á vegum sveitarfélagsins hefur verið með þeim hætti að öll flóran er slegin. Gott dæmi er þegar kerfill er sleginn á sumrin við tjörnina á Álafossi þá er hvönninn einnig sleginn. Svæðið er á náttúruminjasrá og ber því að hafa vishverf viðhorf til svæðisins og taka tillit til fjölbreytileika gróðurs.

Athugasemd barst frá Landgræðslunni þar sem kemur fram að Landgræðslan leggi áherslu á mikilvægi verndunar náttúrulegs gróðurs á svæðinu, líkt og fram kemur í markmiðum og aðgerðaáætlun áætlunarinnar, og að brugðist verði við frekari dreifingu framandi tegunda á svæðinu. Einnig að

brugðist verði við jarðvegsrofi vegna ágangs og villustígamyndun með aðgangsstýringu og uppgræðslu.

Svör Umhverfisstofnunar

Það er markmið Umhverfisstofnunar að hefta ágengar og framandi tegundir innan friðlýstra svæða. Þar sem ágengar tegundir fá að verða ríkjandi verður svæðið oft einsleitara, dregur úr líffræðilegri fjölbreytni, búsvæði innlendra tegunda minnkar og minni möguleikar á nýtingu þeirra plantna. Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á að ágengar og framandi tegundir eins og kerfill og lúpína séu teknar upp með rótum en sú aðferð hefur verið að skila bestum árangri til að stoppa útbreiðslu. Ætíðhvönn er ein stórvaxnasta jurt landsins og getur oft orðið einráð ef ekki er haldið aftur af henni. Sérstaklega á þetta við á svæðum þar sem lúpína hefur eytt öllum gróðri on aukið frjósemi jarðvegsins, ef hún kemst á slík svæði leggur hún þau undir sig.

Umhverfisstofnun bendir einnig á athugasemd frá Landgræðslunni til stuðnings.

Verndun menningarminja

Athugasemd barst frá íbúum Álafoss vegna fyrirhugaðra framkvæmda við svæðið að ekki hafi fylgt lýsing eða teikning af útsýnispalli eða tröppum sem áætlað er að setja. Mikil óánægja er með þessar fyrirhuguðu framkvæmdir, hún sé sjónmengun og muni breyta ásýnd fossins. Einnig er bent á að slyshætta geti myndast í tröppum þegar leysingar eru í ánni og/eða frost vegna vatnsfoks frá fossinum. Einnig er bent á að sprungur séu í berginu og það losni reglulega um berg og það fellur undir þunga sínum og því er varhugavert að leggja þunga eða undirstöður í bergið.

Svör Umhverfisstofnunar

Það er ekki markmið stjórnunar- og verndaráætlun að fara í lýsingar eða teikningar af fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu. Umhverfisstofnun hefur hinsvegar tekið út báðar aðgerðir úr aðgerðaráætlun. Útsýnispallurinn er uppbygging á núverandi palli/útvisvæði við fossin og er ekki innan friðlýsingamarka Álafossar. Umhverfisstofnun mun endurskoða hugmyndir um tröppur á svæðinu með Mosfellsbæ.

Álafoss sem útivistarsvæði

Athugasemd barst frá íbúum Álafoss að börn í frístundum sínum hafa flykkst að svæðinu og eru þá sérstaklega að synda í hylnum fyrir ofan foss og vaða í ánni. Þeir telja að Varmá sé ekki ákjósanleg til að baða vegna endurtekinnar mengunar í ánni, en mikið aukning hefur samt sem áður átt sér stað undanfarið og fullorðnir nýta sér hylinn undir fossinum til að fara í kælíböð. Svæðið sem mest mæðir á er sólar megin við fossinn. Um kl. 11 á morgnanna er komin skuggi húsaraðamegin og er lítið um að fólk nýti sér svæðið til að dvelja við. Áhersla á að gera svæðið vænna til útivistar sólar megin er ákjósanlegt.

Athugasemd frá Landgræðslunni kom fram þar sem Landgræðslan vill koma þeirri ábendingu á framfæri að við hönnun innviða verði leitast við að vernda náttúrulegan farveg Varmár, ekki sótt frekar að henni en orðið er, til verndar landslagi og lífríki.

Svör Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun tekur undir að ekki sé æskilegt að baða sig við fossinn og mun ekki hvetja til slíkrar baðferða. Ekki er áformuð frekari uppbygging á innviðum á svæðinu en það sem kemur fram í áætlun þessari. Hafi íbúar mótaðar hugmyndir um ákveðna uppbygginu má alltaf senda Umhverfisstofnun slíkar hugmyndir sem stofnunin tekur svo afstöðu til.

Umhverfisstofnun tekur undir með Landgræðslunni að gæta þurfi að farvegi Varmá og hefur bætt við setningu um slíkt í kafla 3.

Helstu ógnir

Athugasemd frá íbúum Álafoss að meira eftirlit þurfi með ákvörðum sveitarfélagsins hvað varðar umhverfi árinna. Til að mynda hafa þær ráðstafanir sem farið var í að hálfu bæjarfélagsins til að styrkja bakka Varmár hafa verið misjafnar og því miður höfum við séð þær hrynja út í ána í fyrsta flóði eftir umbætur. Íbúar hafa séð til þess að hafa svæðið án rusls og fjarlæggt hættulega aðskotahluti úr ánni líkt og steypustyrktarjárn.

Svör Umhverfisstofnunar

Allar framkvæmdir innan friðlýsta svæðisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og hefur stofnunin eftirlit með þeim framkvæmdum sem leyfi er veitt fyrir. Ekki hefur verið farið í stórar framkvæmdir innan friðlýsta svæðisins hvað varðar bakkavarnir nýlega. Þær framkvæmdir sem sveitarfélagið hefur farið í á síðustu árum hafa að mestu leyti verið fyrir utan friðlýsta svæðið. Umhverfisstofnun þakkar íbúum fyrir að halda svæðinu hreinu hvað varðar rusl og aðra aðskotahluti, Hvað varðar aðskotahluti á svæðinu mun Umhverfisstofnun meta til hvaða aðgerða er kostur á að grípa til, en þær yrðu hluti af umsjón svæðisins og ekki þörf á að setja inn sérstaka aðgerð í stjórnunar- og verndaráætlun þess efnis.

Ábótavant í kynningargögnum

Athugasemd frá íbúum Álafoss að engin hönnun eða teikning fylgir að nefndum útsýnispall, tröppu eða brú yfir Varmá og stíg. Ekki er nein umfjöllun um skógarlundin við Álanes sem er innan verndar-svæðisins. Hann er hluti af menningarminjum svæðisins en Sigurjón á Álafossi gróðursetti lundinn og bjó til Skeifu sem nú liggur undir jarðvegi. Mikilvægt er að lundurinn fái umsögn í verndaráætluninni.

Svör Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að í stjórnunar- og verndaráætlun er mótuð stefna um þær aðgerðir sem ætlunin er að ráðast í en þær ekki útfærðar nákvæmlega, s.s. með teikningum. Stofnunin bendir á að allar framkvæmdir skulu vera í samræmi við deiliskipulag svæðisins. Hvað varðar ábendingu um skógarlundinn við Álanes hefur verið bætt við texta um hann í áætlunina.

Umsjón

Athugasemd barst frá íbúum um að sveitarfélagið sé skuldbundið til að hafa daglega umsjón með svæðinu. Ekki hafa íbúar orðið varir við að reglubundið eftirlit sé á svæðinu.

Svör Umhverfisstofnunar

Umsjónarsamningur Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar var staðfestur 2013. Í samningum er kveðið á að umsjón og rekstur skulu vera í höndum Mosfellsbæjar samkvæmt samningi t.d. að svæðið líti vel út, rusl sé fjarlæggt og eftirlit haft með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Málefnum sem kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvæðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar. Núverandi umsjónarsamningur er runnin út en kveðið er á um í stjórnunar- og verndaráætlun að umsjónarsamningur skuli vera endurnýjaður og stefnt er að það verði gert eftir að stjórnunar- og verndaráætlun er staðfest, í þeirri vinnu verður farið nánar í innihald samnings. Landvörður Umhverfisstofnunar á Suðvesturlandi heimsækir reglulega öll friðlýst svæði, þar á meðal Álafoss. Starf landvarða á Suðvesturlandi felur aðallega í sér eftirlit með framkvæmdum, úttekt á ástandi svæða og kemur með ábendingar til umsjónaraðila.

Vöktunaráætlun

Athugasemd barst frá íbúum að ekki hefði verið hægt að koma með athugasemdir vegna vöktunaráætlunar þar sem hún sé ekki tilbúin.

Svör Umhverfisstofnunar

Náttúrufræðistofnun Íslands er ábyrg á að útbúa vöktunaráætlun þegar þeirri vinnu verður lokið verður hún hluti stjórnunar- og verndaráætlunar þessarar líkt og kveðið er á um í 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Íbúum svæðisins og öðrum sem láta sig málið varða er alltaf velkomið að hafa samband við sérfræðing svæðisins hafi þeir athugasemdir við vöktun á svæðinu.

Aðrar athugasemdir

Tekið var tillit til ábendinga sem vörðuðu orðlag og framsetningu texta í stjórnunar- og verndaráætlun. Einnig bárust góðar ábendingar frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sem unnið var úr.

Erindi bárust einnig frá Landvernd og Vegagerðinni sem gerðu ekki athugasemdir við áætlunina.